

SAMNINGUR

milli

Flugleiðahótel ehf. vegna sumarhótela sinna annars vegar og Starfsgreinasamband Íslands f.h. eftirtalinna: Stéttarfélags Vesturlands, Stéttarfélagsins Samstöðu, Einingar-Iðju Eyjafirði, Framsýn stéttarfélag, Afls starfsgreinafélags, Vlf. Suðurlands Hellu, og Vlf. Bárunnar hins vegar um kaup og kjör starfsfólks á Edduhótelum, sem vinna eftir hlutaskiptakerfi.

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

Aðfararsamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Kjarasamningur frá 22. júní 2011

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

Laun verða sem hér segir frá gildistöku samningsins þann 1. júní 2011:

	Launaflokkur 5	Launaflokkur 6
	Frá 1.06. 2011	1.06. 2011
Byrjunarlaun 18 ára	176.153	177.814
Eftir 1 ár	177.814	179.500
Eftir 3 ár	179.500	181.211
Eftir 5 ár	181.211	182.948
Eftir 7 ár	182.948	184.711

FSV

FG
ML

	Launaflokkur 5	Launaflokkur 6
	Frá 1.02. 2012	1.02. 2012
Byrjunarlaun 18 ára	187.153	188.814
Eftir 1 ár	188.814	190.500
Eftir 3 ár	190.500	192.211
Eftir 5 ár	192.211	193.948
Eftir 7 ár	193.948	195.711

	Launaflokkur 5	Launaflokkur 6
	Frá 1.02. 2013	1.02. 2013
Byrjunarlaun 18 ára	198.153	199.814
Eftir 1 ár	199.814	201.500
Eftir 3 ár	201.500	203.211
Eftir 5 ár	203.211	204.948
Eftir 7 ár	204.948	206.711

Byrjunarlaun miðast við launaflokk 5 og að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri. Eftir tvö starfstímabil eða sambærilega starfsreynslu eftir 18. ára aldur hækki starfsmaður um launaflokk þ.e. fer úr launaflokki 5 í launaflokk 6.

Laun starfsmanna yngri en 18 ára miðast við það ár sem hlutaðeigandi aldri er náð. Laun 17 ára eru 95% af byrjunarlaunum 18 ára í launaflokki 5, laun 16 ára 90% , laun 15 ára 76% og 14 ára 67% af sama stofni.

Kauptrygging reiknast fyrir hvern mánuð. Við útreikning kauptryggingar skal reikna fyrstu 172 vinnustundir dv. að viðbættu 25% álagi. Það sem umfram kann að vera greiðist á yfirvinnutaxta. Þegar laun eftir hlutaskiptakerfinu eru hærri en lágmarkslaun skal greiða starfsfólki eftir því eins og segir í samningi þessum (þ.e. allir hlutir skulu vera jafnir fyrir 18 ára og eldri.). Launaauki 17 ára skal vera 80% af launahlut 18 ára, en 16 ára 50%. Launaauki greiðist ekki fyrir yngri starfsmenn.

Við ráðningu starfsfólks, skuldbinda Flugleiðahótel ehf sig til að hlíta forgangsréttarákvæðum, sem gilda í almennum kjarasamningi viðkomandi verkalýðsfélaga og viðsemjenda þeirra.

Vegna ráðningar starfsfólks skal viðkomandi verkalýðsfélag hafa samband við rekstraraðila (hótelstjóra) hótels á viðkomandi félagssvæði með hæfilegum fyrirvara, þó ekki síðar en 10. mars, sjái félagið þörf á því. Stefnt skal að því að ráðningum starfsfólks sé lokið 15. apríl ár hvert.

FS

JG
M

Stefnt er að því að fjöldi vinnustunda starfsfólks sé sem jafnastur á útreikningstímabilinu. Launaauki greiðist tvisvar á sumri, þ.e. fyrir júní og júlí, sem gert er upp sem eitt tímabil frá 5.-15. ágúst og fyrir ágúst frá 5.-15. september.

Við ráðningu skal skýra greinilega frá því við hvern og einn starfsmann í hverju störfín eru fólgin, sem vinna þarf á hverjum tíma, enda þótt miðað sé við almenna verkaskiptingu í meginatriðum. Í upphafi starfstímabils skal hótelsstjóri í samráði við viðkomandi verkalýðsfélag halda fund með starfsfólki um starfstilhögun sumarsins.

Á fundi skal valinn fulltrúi starfsfólks sem hefur aðgang að uppgjöri eftir hvert útreikningstímabil, svo og öllum upplýsingum varðandi útreikninga á launauppgjöri. Jafnframt skal ræða fyrirkomulag næturvakta. Næturvakt skal aldrei greidd með færri en 4 næturvinnutímum. Sé talið nauðsynlegt að vinna lengur en sem nemur 4 tímum skal það greitt eins og unnið er hverju sinni.

Sé að mati starfsfólks um of mikið vinnuálag að ræða, skal hafa samráð við viðkomandi verkalýðsfélag og atvinnurekenda um endurskoðun fjölda starfsfólks í störfín á vinnustaðnum. Starfsfólk skal skrá sínar vinnustundir daglega á þar til gerða skrá, sem höfð er t.d. í eldhúsi.

Í upphafi hverrar vinnuviku reynir hótelsstjóri og starfsfólk hans að áætla vinnustundabörf eftir fyrirbyggjandi verkefnum svo starfsfólk hafi fyrirvara á um hverjir fari í frí, hvenær og hve marga daga. Ef frekast er unnt, skulu ekki vera fleiri en sex vinnudagar milli fría.

Auk daglegrar stjórnunar hótelsstjóra reynir allt starfsfólkið að ástunda vinnuhagræðingu og samstillingu við dagleg störf, enda er það leiðin til að koma hverri vinnustund í sem hæst verð á hverjum tíma.

Af seldum veitingum brúttó er 26,70% ætlað til hlutaskipta (launa), en af seldri gistingu brúttó 32,23 – 33,94% Af gistingu eru reiknuð 32,23% til hlutaskipta (launa), þar sem herbergi eru með baði, en 33,94% af seldri gistingu á herbergjum án baðs. Af vínsölu komi 20,88% til hlutaskipta. Ekki er reiknað til hlutaskipta sala á frímerkjum, síma og tóbaki.

Launaauki á hverja vinnustund skal þó aldrei verða hærri en sem nemur 50% af tímakaupi í dagvinnu samkvæmt launaflokki 5, eftir 3 ár.

Þar sem orlof er ekki innifalið í hlutaskiptakerfinu til launa, reiknast það til viðbótar af launum viðkomandi starfsmanns m.v. orlofsrétt hans. Orlof skal greitt inn á reikning í banka eða sparisjóði.

JG
lu
Fol

Hótelstjóri og matsveinn hafa tvo hluti hvor, en annað starfsfólk sem deilir með sér vöktum, einn hlut. Hóтелиð leggur starfsfólki til frítt fæði, húsnæði og vinnufatnað. Flugleiðahótel ehf. taka að sér að koma starfsfólki á vinnustað sé um lengri leið að ræða en 100 km. aðra leið í upphafi starfstímabils og frá vinnustað við lok starfstímabils.

Að öðru leyti hefur starfsfólk þau önnur réttindi til kjara sem gilda í samningi milli SA – SAF og SGS vegna aðildarféлага sinna frá 5. maí 2011.

Um sjúkra- og orlofssjóð, félagsgjald og lífeyrissjóði.

Skal farið eftir aðalkjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Flugleiðahótel ehf. sjá um að halda eftir af launum starfsfólks greiðslu félagsgjalda til viðkomandi stéttarféлага.

Samningsforsendur


Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

Reykjavík, 16. júní, 2011

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. Flugleiðahótela ehf.



Bókun I

Verði frávik á einstaka hóteli frá hlutaskiptareglunni sem samningur þessi kveður á um skulu samningsaðilar í samráði við Starfsgreinasamband Íslands gera sérstakt samkomulag vegna slíkra frávika.

JG
M

JKV

Bókum II.

Undirbúningur vegna opnunar og lokunar Edduhótela

- Eldhús: Yfirfara þrifnað, taka leirtau og eldhúsáhöld úr geymslum og þvo, koma öllu fyrir á sinn stað. Ganga frá matvælum á sinn stað.
- Matsalur: Yfirfara þrifnað og setja inn hótélbúnað. Dúka borð og setja upp gardínur.
- Herbergi: Yfirfara þrifnað. Sækja í geymslur rúmfatnað og annan búnað sem notaður er til hótélrekstrar, svo sem glös, herðatré, öskubakka ruslafötur, bréfsefni og útbúa upplýsingar til gesta. Yfirfara aðstöðu sem notuð er sem svefnpokapláss, koma fyrir dýnum og þess háttar.
Yfirfara snyrtingar og ganga.
- Gestamóttaka: Koma fyrir aðstöðu sem notuð er sem gestamóttaka, setja inn pappírsvörur og þær vörur sem seldar og notaðar eru í gestamóttöku.
- Sundlaug: Yfirfara skal þrif á sundlaug og búningsherbergjum og koma fyrir merkingum.
- Ýmislegt: Yfirfara skal umhverfi svo það sé snyrtilegt. Þrifa skal glugga og setja upp hótélgardínur og víða eru gólf bónuð til að léttja þrif yfir sumarið. Koma þarf fyrir merkingum vegna hótelsins bæði utandyra og innan

Sömu atriði og áður eru talin gilda um frágang við lokun. (þ.e. gengið er frá húsnæði og búnaði eins og var við upphaf undirbúnings).

Falli til vinna utan þessarar verklýsingar sem ekki telst til eðlilegs undirbúnings og frágangs hótelsins, skal hún greidd sérstaklega.

JG
M
FSD

Bókun III

Samningur þessi nær eingöngu til atriða er varða kaup og kjör ófaglærðs starfsfólks Edduhótelanna. Þegar frá eru taldir hlutir hóteltjóra og matsveina í hlutaskiptakerfinu.

JG
III

FW

Bókun IV

Orlofs- og desemberuppbætur skal greiða til viðbótar tímakaupi á unnar stundir í dagvinnu:

Orlofsuppbót kr. 14,94 á dagvinnustund á árinu 2011, 15,44 2012, og kr. 15,94 2013.

Desemberuppbót er kr. 35,44 á dagvinnustund á árinu 2011, kr. 28,06 2012, og kr. 28,94 2013.

Ofangreindar greiðslur eru innifaldar í launaauka, nái launaauki kr. 50,39 á unna dagvinnustund árið 2011, og er þá ekki þörf á að sundurgreina það á launaseðli, sama á við ef launaauki nær kr. 43,50 á árinu 2012 og kr. 44,89 2013.

JG fsw
HU